Hagtíðindi
Statistical Series
Þjóðhagsreikningar
National accounts

2011:8 • 9. júní 2011

# Fjármál hins opinbera á 1. ársfjórðungi 2011

*Quarterly government accounts, 1st quarter 2011*

*Samantekt* Tekjuafkoma hins opinbera reyndist neikvæð um 13,3 milljarða króna á 1. ársfjórðungi 2011 sem er mun hagstæðari niðurstaða en á sama tíma 2010 er hún var neikvæð um 20,7 milljarða króna. Tekjuhallinn nam 3,5% af landsframleiðslu ársfjórðungsins eða 8,2% af tekjum hins opinbera og hefur tekjuafkoman ekki verið hagstæðari síðan á þriðja ársfjórðungi 2008 á þennan mælikvarða.

**Mynd 1. Tekjuafkoma hins opinbera sem hlutfall af VLF ársfjórðungs[1]**
*Figure 1. General government financial balance as percent of quarterly GDP*




[1] 192 milljarða króna yfirtaka ríkissjóðs á töpuðum kröfum vegna veðlána Seðlabanka Íslands á 4. ársfj. 2008 er ekki talin með í heildargjöldum og sömuleiðis ekki 22,5 milljarða áfallin ríkisábyrgð á 4. ársfj. 2010. *The central government debt assumption of 192 billion ISK in 4. quarter 2008 is excluded from total expenditure and as well 22.5 billion ISK in 4. quarter 2010 due to called quarantees.*

Heildartekjur hins opinbera hækkuðu um 3,2% milli 1. ársfjórðungs 2010 og 2011 eða úr 157,4 milljörðum króna í 162,3 milljarða króna. Tekjuhækkunin skýrist af tveggja milljarða króna aukningu í tekjusköttum, svipaðri aukningu í tryggingagjöldum og ríflega eins milljarðs króna meiri tekjum af skatti á vöru og þjónustu.

Heildarútgjöld hins opinbera lækkuðu hins vegar um 1,4% á sama tíma eða úr 178 milljörðum króna 2010 í 175,6 milljarða króna 2011. Sú útgjaldalækkun skýrist aðallega af 2,6 milljarða króna lækkun á vaxtakostnaði og 1,5 milljarða króna lækkun í fjárfestingu. Á móti þessu vegur 1½ milljarðs króna hækkun á félagslegum tilfærslum hins opinbera.

Hagstofa Íslands

**Mynd 2. Peningalegar eignir og skuldir ríkissjóðs sem hlutfall af VLF**
*Figure 2. Central government financial assets and liabilities as percent of GDP*




**Heildarskuldir ríkissjóðs námu 1.717 milljörðum króna í lok 1. ársfjórðungs 2011 eða sem svarar 106% af áætlaðri landsframleiðslu ársins. Að teknu tilliti til peningalegra eigna var hrein peningaleg eign ríkissjóðs, þ.e. peningalegar eignir umfram skuldir, neikvæð um 646 milljarða króna í lok þessa ársfjórðungs eða sem svarar 40% af áætlaðri landsframleiðslu ársins. Til samanburðar var hrein peningaleg eign ríkissjóðs neikvæð um 33,6% af landsframleiðslu á sama ársfjórðungi 2010 og 16,3% á sama ársfjórðungi 2009. Hrein peningaleg eign ríkissjóðs hefur því versnað um 129 milljarða króna milli 1. ársfjórðungs 2010 og 2011.**

## Hið opinbera

*Heildartekjur hins opinbera á 1. ársfjórðungi 2011 hækkuðu um 3,2% frá sama tíma 2010 og námu 162,3 milljörðum króna*

Heildartekjur hins opinbera, þ.e. ríkissjóðs, almannatrygginga og sveitarfélaga, eru áætlaðar 162,3 milljarðar króna á 1. ársfjórðungi 2011 samanborið við 157,4 milljarða króna á sama tímabili 2010 og hækkuðu um 3,2% milli ára. Skatttekjur og tryggingagjöld skila hinu opinbera 140,3 milljörðum króna samanborið við 135,1 milljarði króna á sama ársfjórðungi 2010 eins og lesa má úr töflu 5. Tekjuhækkunin skýrist af tveggja milljarða króna aukningu í tekjusköttum og svipaðri aukningu í tryggingagjöldum. Þá skiluðu skattar á vöru og þjónustu 1,2 milljörðum króna meiri tekjum en á sama ársfjórðungi 2010.

*… á sama tíma lækkuðu útgjöldin um 1,4% og námu 175,6 milljörðum króna á 1. ársfjórðungi 2011*

Á 1. ársfjórðungi 2011 benda áætlanir til þess að heildarútgjöld hins opinbera verði 175,6 milljarðar króna samanborið við rúmlega 178 milljarða króna árið 2010, og nemur lækkunin 1,4% milli ára. Stærstu útgjaldaliðirnir eru laun sem áætluð eru 54 milljarðar króna, kaup á vöru og þjónustu 47 milljarðar króna og félagslegar tilfærslur til heimila 31,2 milljarðar króna. Þá er talið að vaxtagjöld hins opinbera verði 19,4 milljarðar króna á 1. ársfjórðungi 2011 og opinber fjárfesting 6 milljarðar króna. Lækkun í útgjöldum hins opinbera milli 1. ársfjórðungs 2010 og 2011 skýrist fyrst og fremst af 2,6 milljarða króna lækkun á vaxtakostnaði og 1,5 milljarða króna lækkun í fjárfestingu. Á móti þessu vegur 1½ milljarðs króna hækkun í félagslegum tilfærslum hins opinbera. Á mynd 3 má sjá að ársfjórðungsútgjöld hins opinbera á 1. ársfjórðungi 2011 hafa dregist verulega saman í krónum talið frá fjórða ársfjórðungi 2010 eða um 43 milljarða króna, sem skýrist fyrst og fremst af lægri vaxta-, fjárfestingar- og samneyslukostnaði og 22½ milljarðs króna aukningu í áföllnum ríkisábyrgðum sem féllu á 4. ársfjórðungi síðasta árs.

**Mynd 3. Tekjur og útgjöld hins opinbera á verðlagi hvers árs**[1]
*Figure 3. General government income and expenditure at current prices*[1]




[1] 192 milljarða króna yfirtaka ríkissjóðs á töpuðum kröfum vegna veðlána Seðlabanka Íslands á 4. ársfj. 2008 er ekki talin með í heildargjöldum. *The central government debt assumption of 192 billion ISK in 4. quarter 2008 is excluded from total expenditure.*

*Tekjuafkoma hins opinbera var neikvæð um 13,3 milljarða króna á 1. ársfjórðungi 2011*

Tekjuafkoma hins opinbera reyndist neikvæð um 13,3 milljarða króna á 1. ársfjórðungi 2011 sem er mun hagstæðari niðurstaða en á sama tíma 2010 er hún var neikvæð um 20,7 milljarða króna. Tekjuhallinn nam 3,5% af landsframleiðslu ársfjórðungsins eða 8,2% af tekjum hins opinbera og hefur tekjuafkoman ekki verið hagstæðari síðan á þriðja ársfjórðungi 2008 á þennan mælikvarða.

**Tafla 1. Fjárhagur hins opinbera á 1. ársfjórðungi 2010 og 2011**
*Table 1. General government finances in 1st quarter 2010 and 2011*

| Fjárhæðir í milljörðum króna *Figures in billion ISK* | 2010 1. ársfj. *1st quart.* | 2011 1. ársfj. *1st quart.* | Breyting, % *Change, %* | 2009 | Bráðab. *Prelim.* 2010 | Breyting, % *Change, %* |
|---|---|---|---|---|---|---|
| 1. Heildartekjur *Revenue* | 157,4 | 162,3 | 3,2 | 614,2 | 650,5 | 5,9 |
| 2. Heildarútgjöld *Expenditure* | 178,1 | 175,6 | -1,4 | 763,3 | 770,4 | 0,9 |
| 2.1 Fjárfesting *Investment* | 7,5 | 6,0 | -19,7 | 52,6 | 39,8 | -24,4 |
| 3. Tekjujöfnuður (3 = 1 - 2) *Financial bal. (3 = 1 - 2)* | -20,7 | -13,3 | • | -149,2 | -119,9 | • |
| 4. Tekjujöfnuður % af tekjum *Fin. bal. % of revenue* | -13,2 | -8,2 | • | -24,3 | -18,4 | • |
| 5. Tekjujöfnuður % af VLF *Financial bal. % of GDP* | -5,6 | -3,5 | • | -10,0 | -7,8 | • |

## Ríkissjóður

*Tekjuhalli ríkissjóðs var 10,3 milljarðar króna á 1. ársfjórðungi 2011, eða 2,7% af áætlaðri landsframleiðslu ársfjórðungsins*

Bráðabirgðatölur benda til þess að heildartekjur ríkissjóðs á rekstrargrunni hafi verið 117,5 milljarðar króna á 1. ársfjórðungi 2011 og heildarútgjöld 127,8 milljarðar króna. Tekjujöfnuður ríkissjóðs er því neikvæður um 10,3 milljarða króna á þeim ársfjórðungi, eða sem nemur 2,7% af landsframleiðslu ársfjórðungsins. Samkvæmt þessu hafa tekjur ríkissjóðs hækkað um rúmlega 2% frá sama tíma 2010, en útgjöldin aftur lækkað um 3,7%. Tekjujöfnuðurinn er því mun hagstæðari en á 1.

ársfjórðungi 2010 er hann var neikvæður um 17,7 milljarða króna eða 4,8% af landsframleiðslu þess ársfjórðungs.

**Tafla 2. Fjárhagur ríkissjóðs á 1. ársfjórðungi 2010 og 2011**
*Table 2. Central government finances in 1st quarter 2010 and 2011*

| Fjárhæðir í milljörðum króna *Figures in billion ISK* | 2010 1. ársfj. *1st quart.* | 2011 1. ársfj. *1st quart.* | Breyting, % *Change, %* | 2009 | Bráðab. *Prelim.* 2010 | Breyting, % *Change, %* |
|---|---|---|---|---|---|---|
| 1. Heildartekjur *Revenue* | 115,0 | 117,5 | 2,1 | 447,4 | 482,7 | 7,9 |
| 2. Heildarútgjöld *Expenditure* | 132,7 | 127,8 | -3,7 | 571,1 | 577,7 | 1,2 |
| 2.1 Fjárfesting *Investment* | 3,9 | 2,6 | -32,9 | 31,4 | 23,5 | -25,0 |
| 3. Tekjujöfnuður (3 = 1 - 2) *Financial bal. (3 = 1 - 2)* | -17,7 | -10,3 | • | -123,6 | -95,0 | • |
| 4. Tekjujöfnuður % af tekjum *Fin. bal. % of revenue* | -15,4 | -8,8 | • | -27,6 | -19,7 | • |
| 5. Tekjujöfnuður % af VLF *Financial bal. % of GDP* | -4,8 | -2,7 | • | -8,3 | -6,2 | • |

Skattar og tryggingagjöld skiluðu ríkissjóði 103,7 milljörðum króna, eða 88,2% tekna hans. Þar af skiluðu skattar á vöru og þjónustu 47,5 milljörðum króna, skattar á tekjur og hagnað 33,6 milljörðum króna og tryggingagjöldin 16,5 milljörðum króna. Á gjaldahlið ríkissjóðs eru fjárframlög til almannatrygginga og sveitarfélaga umfangsmesti útgjaldaliðurinn en þau námu um 37 milljörðum króna á fyrsta ársfjórðungi 2011. Launaútgjöld ríkissjóðs námu um 28 milljörðum króna og kaup á vöru og þjónustu 24 milljörðum króna eins og lesa má í töflu 6.

*Hrein peningaleg eign ríkissjóðs hefur versnað um 129 milljarða króna milli 1. ársfjórðungs 2010 og 2011*

Peningalegar eignir ríkissjóðs námu 1.071 milljarði króna í lok 1. ársfjórðungs 2011 eða sem nemur 66,2% af landsframleiðslu og hafa þær hækkað um 52,5 milljarða króna frá sama ársfjórðungi 2010 en mælast þó svipað hlutfall af landsframleiðslu eins og fram kemur í töflu 9. Á sama tíma hafa skuldir ríkissjóðs aukist um tæplega 12%, en þær námu 1.717 milljörðum króna í lok 1. ársfjórðungs 2011 samanborið við 1.536 milljarða króna á 1. ársfjórðungi 2010. Sem hlutfall af landsframleiðslu námu þær 106%. Þessi þróun hefur haft í för með sér að hrein peningaleg eign ríkissjóðs, þ.e. peningalegar eignir umfram skuldir, varð neikvæð um 646 milljarða króna í lok 1. ársfjórðungs 2011 eða sem svarar til 40% af landsframleiðslu. Til samanburðar var hrein peningaleg eign ríkissjóðs neikvæð um 33,6% af landsframleiðslu á sama ársfjórðungi 2010 og 16,3% á sama ársfjórðungi 2008. Hrein peningaleg eign ríkissjóðs hefur því versnað um 129 milljarða króna milli ára.

## Sveitarfélög

*Tekjuafkoma sveitarfélaga var neikvæð um 0,6 milljarð króna á 1. ársfjórðungi 2011*

Heildartekjur sveitarfélaganna á 1. ársfjórðungi 2011 eru áætlaðar 50,2 milljarðar króna og heildarútgjöld 50,9 milljarðar króna. Tekjuhalli þess ársfjórðungs er því áætlaður um 0,6 milljarðar króna. Þetta er tölvert hagstæðari niðurstaða en á sama tíma 2010 þegar tekjuafkoman var neikvæð um 1,4 milljarða króna. Tekjur sveitarfélaga hafa hækkað um rúmlega 5% frá sama tíma í fyrra en útgjöldin um 3,5%.

*Um þrír fimmtu hlutar tekna sveitarfélaga eru útsvarstekjur.*

Útsvarstekjur skiluðu sveitarfélögunum 29,4 milljörðum króna á fyrsta ársfjórðungi 2011, eða um 58,6% tekna þeirra. Aðrir skattar skiluðu 7,2 milljörðum króna, fjárframlög frá ríkissjóði 4,7 milljörðum og aðrar tekjur 8,9 milljörðum króna. Launagreiðslur eru umfangsmesti útgjaldaliður sveitarfélaganna, eða 43,6% útgjaldanna,

en 22,5 milljarðar króna voru greiddir í laun á fyrsta ársfjórðungi 2011. Kaup á vöru og þjónustu námu 15,6 milljörðum króna og fjárfestingin 3,3 milljörðum króna, en nokkur lækkun hefur orðið á fjárfestingu sveitarfélaganna frá sama ársfjórðungi 2010.

**Tafla 3. Fjárhagur sveitarfélaga á 1. ársfjórðungi 2010 og 2011**
*Table 3. Local government finances in 1st quarter 2010 and 2011*

| Fjárhæðir í milljörðum króna<br>*Figures in billion ISK* | 2010<br>1. ársfj.<br>*1st quart.* | 2011<br>1. ársfj.<br>*1st quart.* | Breyting,<br>%<br>*Change, %* | 2009 | Bráðab.<br>*Prelim.*<br>2010 | Breyting,<br>%<br>*Change, %* |
|---|---|---|---|---|---|---|
| 1. Heildartekjur *Revenue* | 47,8 | 50,2 | 5,1 | 189,3 | 192,5 | 1,7 |
| 2. Heildarútgjöld *Expenditure* | 49,2 | 50,9 | 3,5 | 204,2 | 205,6 | 0,7 |
| 2.1 Fjárfesting *Investment* | 3,5 | 3,3 | -5,0 | 21,2 | 16,2 | -23,7 |
| 3. Tekjujöfnuður (3 = 1 - 2)<br>*Financial bal. (3 = 1 - 2)* | -1,4 | -0,6 | • | -15,0 | -13,1 | • |
| 4. Tekjujöfnuður % af tekjum<br>*Fin. bal. % of revenue* | -2,9 | -1,3 | • | -7,9 | -6,8 | • |
| 5. Tekjujöfnuður % af VLF<br>*Financial bal. % of GDP* | -0,4 | -0,2 | • | -1,0 | -0,9 | • |

## Gagna- og aðferðalýsing

*Fjármál hins opinbera og undirgeira þess eru sett fram á rekstrargrunni*

Áætlanir um tekjur og gjöld ríkissjóðs byggjast á gögnum frá Fjársýslu ríkisins. Reynt er að meta tekjur og gjöld á rekstrargrunni í samræmi við uppgjör þjóðhagsreikninga, ekki á greiðslugrunni eins og mánaðarhefti ríkissjóðs sýna. Rekstrargrunnur felur í sér að skuldbindingar eru færðar til tekna eða gjalda þegar til þeirra er stofnað óháð því hvenær greiðslur fara fram. Við mat á fjármálum sveitarfélaganna er byggt á úrtaki stærstu sveitarfélaga landsins, sem náð hefur til um fjögurra fimmtu hluta íbúafjöldans, og hefur það verið uppfært til heildar. Tölur um fjárfestingu sveitarfélaganna eru háðar nokkurri óvissu og er því að hluta byggt á fjárhagsáætlunum sveitarfélaganna fyrir árið ásamt ársfjórðungstölum úrtaksins.

Hagstofan leggur hér megináherslu á tekjuafkomuna við mat á afkomu hins opinbera. En annar mælikvarði er einnig notaður, en það er rekstrarafkoma. Munurinn á rekstrarjöfnuði og tekjujöfnuði er sá að rekstrarjöfnuður sýnir niðurstöðu rekstrarreiknings eftir að afskriftir hafa verið gjaldfærðar en tekjujöfnuður sýnir niðurstöðuna eftir að fjárfesting hefur verið dregin frá rekstrarjöfnuði, en þá eru afskriftir ekki gjaldfærðar. Munur þessara tveggja mælikvarða felst því í muninum á afskriftum og fjárfestingu. Ef fjárfestingin er hærri en afskriftir verður tekjujöfnuðurinn lakari en rekstrarjöfnuðurinn eða sem nemur þeim mun.

## English summary

In the 1st quarter of 2011, the financial balance of the general government (i.e. the central government, the social security funds and the local governments) amounted to 13.3 billion ISK in deficit or 3.5% of quarterly GDP and 8.2% of general government total revenue. This can be compared with 20.7 billion ISK in deficit in the 1st quarter of 2010 or 5.6% of GDP in that quarter. The deficit has not been less since the third quarter of 2008.

The general government total revenue has increased by 3.2% between the 1st quarters of 2010 and 2011, or from 157.4 billion ISK to 162.3 billion ISK. This increase can mainly be explained by increased revenue from income taxes (2bn ISK increase), social contributions (2bn ISK increase) and taxes on goods and services (1bn ISK increase). The total expenditure decreased at the same time by nearly 1½%, or from 178 billion ISK in 2010 to 175.6 billion ISK in 2010. The main reasons are a 2.6 billion ISK decrease in interest payments and 1.5 billion ISK decrease in investment. Against this, the social benefits increased by 1½ billion ISK between these quarters.

The central government total liabilities at the end of the 1st quarter 2011 amounted to 1,717 billion ISK or 106% of the GDP. Taking account of its financial assets, the net financial assets, i.e. the financial assets less liabilities, was negative by 646 billion ISK or 40% of the GDP, compared with a negative net financial asset of 33.6% of the GDP in the same period in 2010 and 16.3% in 2009. Consequently, the central government net financial asset position has deterioated by 129 billion ISK between the 1st quarters 2010 and 2011.

The revenue and expenditure figures for the general government and its sub-sectors are presented on an accrual basis and in line with national accounts principles whereas the monthly figures on central government published by the Government Financial Authority are on cash basis. Accrual basis means that flows are recorded when they are established regardless of when the actual payments are made. The data presented here, both for the central and local governments, are preliminary.

## Tafla 4. Fjármál hins opinbera eftir ársfjórðungum 2008–2011

*Table 4. Quarterly Government Finances 2008–2011*

| Verðlag hvers árs, milljarðar króna<br>*Billion ISK at current prices* | Heildartekjur<br>*Total revenue*<br>*(1)* | Heildar-útgjöld<br>*Total expenditure*<br>*(2)* | – þar af fjárfesting<br>*– thereof investment*<br>*(2.1)* | Tekju-jöfnuður<br>*Financial balance*<br>*(3=1-2)* | Tekjujöfnuður hlutfall af heildartekjum<br>*Financial balance % of total revenue* | Tekju-jöfnuður hlutfall af VLF<br>*Financial balance % of GDP* |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Hið opinbera** ***The General Government*** | | | | | | |
| **2008** | **653,6** | **853,7**[1] | **66,0** | **-200,2** | **-30,6** | **-13,5** |
| 1. ársfjórðungur *1st quarter* | 167,8 | 148,5 | 13,6 | 19,2 | 11,4 | 1,3 |
| 2. ársfjórðungur *2nd quarter* | 162,9 | 163,4 | 20,1 | -0,6 | -0,4 | 0,0 |
| 3. ársfjórðungur *3rd quarter* | 160,9 | 173,4 | 19,4 | -12,6 | -7,8 | -0,8 |
| 4. ársfjórðungur *4th quarter* | 162,0 | 368,3 | 12,9 | -206,3 | -127,3 | -14,0 |
| **2009** | **636,1** | **773,0** | **58,4** | **-137,0** | **-21,5** | **-9,1** |
| 1. ársfjórðungur *1st quarter* | 154,6 | 178,5 | 10,2 | -23,9 | -15,4 | -1,6 |
| 2. ársfjórðungur *2nd quarter* | 152,6 | 190,4 | 15,7 | -37,9 | -24,8 | -2,5 |
| 3. ársfjórðungur *3rd quarter* | 160,2 | 196,4 | 20,5 | -36,3 | -22,6 | -2,4 |
| 4. ársfjórðungur *4th quarter* | 168,7 | 207,6 | 12,0 | -39,0 | -23,1 | -2,6 |
| **2010** | **650,5** | **770,4** | **39,8** | **-119,9** | **-18,4** | **-7,8** |
| 1. ársfjórðungur *1st quarter* | 157,4 | 178,1 | 7,5 | -20,7 | -13,2 | -1,4 |
| 2. ársfjórðungur *2nd quarter* | 160,6 | 185,0 | 9,8 | -24,3 | -15,2 | -1,6 |
| 3. ársfjórðungur *3rd quarter* | 168,2 | 189,2 | 12,9 | -21,0 | -12,5 | -1,3 |
| 4. ársfjórðungur *4th quarter* | 164,4 | 218,2 | 9,6 | -53,8 | -32,7 | -3,5 |
| **2011** | **...** | **...** | **...** | **...** | **...** | **...** |
| 1. ársfjórðungur *1st quarter* | 162,3 | 175,6 | 6,0 | -13,3 | -8,2 | -0,8 |
| **Ríkissjóður** ***The Central Government*** | | | | | | |
| **2008** | **476,9** | **668,6**[1] | **30,8** | **-191,7** | **-40,2** | **-13,0** |
| 1. ársfjórðungur *1st quarter* | 122,7 | 104,3 | 4,4 | 18,4 | 15,0 | 1,2 |
| 2. ársfjórðungur *2nd quarter* | 117,8 | 114,7 | 10,0 | 3,1 | 2,6 | 0,2 |
| 3. ársfjórðungur *3rd quarter* | 118,5 | 127,2 | 9,9 | -8,7 | -7,3 | -0,6 |
| 4. ársfjórðungur *4th quarter* | 117,9 | 322,4 | 6,6 | -204,5 | -173,4 | -13,8 |
| **2009** | **462,6** | **584,2** | **35,6** | **-121,6** | **-26,3** | **-8,1** |
| 1. ársfjórðungur *1st quarter* | 110,6 | 131,1 | 4,3 | -20,4 | -18,5 | -1,4 |
| 2. ársfjórðungur *2nd quarter* | 108,8 | 141,3 | 9,1 | -32,5 | -29,9 | -2,2 |
| 3. ársfjórðungur *3rd quarter* | 116,9 | 149,8 | 14,3 | -33,0 | -28,2 | -2,2 |
| 4. ársfjórðungur *4th quarter* | 126,3 | 162,0 | 7,9 | -35,7 | -28,3 | -2,4 |
| **2010** | **482,7** | **577,7** | **23,5** | **-95,0** | **-19,7** | **-6,2** |
| 1. ársfjórðungur *1st quarter* | 115,0 | 132,7 | 3,9 | -17,7 | -15,4 | -1,2 |
| 2. ársfjórðungur *2nd quarter* | 118,4 | 137,4 | 5,8 | -19,1 | -16,1 | -1,2 |
| 3. ársfjórðungur *3rd quarter* | 126,5 | 139,8 | 8,0 | -13,3 | -10,5 | -0,9 |
| 4. ársfjórðungur *4th quarter* | 122,8 | 167,7 | 5,7 | -44,9 | -36,6 | -2,9 |
| **2011** | **...** | **...** | **...** | **...** | **...** | **...** |
| 1. ársfjórðungur *1st quarter* | 117,5 | 127,8 | 2,6 | -10,3 | -8,8 | -0,6 |

[1] 192,2 milljarða króna yfirtaka ríkissjóðs á töpuðum kröfum vegna veðlána Seðlabankans er meðtalin. *The central government debt assumption of 192.2 billion ISK is included.*

Tafla 4. Fjármál hins opinbera eftir ársfjórðungum 2008–2011 (frh.)
*Table 4. Quarterly Government Finances 2008–2011 (cont.)*

| Verðlag hvers árs, milljarðar króna *Billion ISK at current prices* | Heildartekjur *Total revenue* *(1)* | Heildar-útgjöld *Total expenditure* *(2)* | – þar af fjárfesting *– thereof investment* *(2.1)* | Tekju-jöfnuður *Financial balance* *(3=1-2)* | Tekjujöfnuður hlutfall af heildartekjum *Financial balance % of total revenue* | Tekju-jöfnuður hlutfall af VLF *Financial balance % of GDP* |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Sveitarfélög *The Local Governments*** | | | | | | |
| **2008** | **193,4** | **206,3** | **35,1** | **-12,9** | **-6,7** | **-0,9** |
| 1. ársfjórðungur *1st quarter* | 49,1 | 50,3 | 9,1 | -1,2 | -2,5 | -0,1 |
| 2. ársfjórðungur *2nd quarter* | 49,0 | 53,7 | 10,2 | -4,7 | -9,5 | -0,3 |
| 3. ársfjórðungur *3rd quarter* | 46,7 | 51,0 | 9,5 | -4,2 | -9,0 | -0,3 |
| 4. ársfjórðungur *4th quarter* | 48,5 | 51,3 | 6,3 | -2,8 | -5,7 | -0,2 |
| **2009** | **194,5** | **211,3** | **22,8** | **-16,8** | **-8,6** | **-1,1** |
| 1. ársfjórðungur *1st quarter* | 48,3 | 51,7 | 5,9 | -3,4 | -7,0 | -0,2 |
| 2. ársfjórðungur *2nd quarter* | 48,7 | 54,3 | 6,6 | -5,6 | -11,6 | -0,4 |
| 3. ársfjórðungur *3rd quarter* | 48,9 | 52,1 | 6,2 | -3,2 | -6,6 | -0,2 |
| 4. ársfjórðungur *4th quarter* | 48,6 | 53,2 | 4,1 | -4,6 | -9,5 | -0,3 |
| **2010** | **192,5** | **205,6** | **16,2** | **-13,1** | **-6,8** | **-0,9** |
| 1. ársfjórðungur *1st quarter* | 47,8 | 49,2 | 3,5 | -1,4 | -2,9 | -0,1 |
| 2. ársfjórðungur *2nd quarter* | 48,1 | 52,7 | 4,0 | -4,6 | -9,6 | -0,3 |
| 3. ársfjórðungur *3rd quarter* | 48,3 | 51,7 | 4,8 | -3,4 | -7,0 | -0,2 |
| 4. ársfjórðungur *4th quarter* | 48,4 | 52,0 | 3,9 | -3,7 | -7,6 | -0,2 |
| **2011** | **...** | **...** | **...** | **...** | **...** | **...** |
| 1. ársfjórðungur *1st quarter* | 50,2 | 50,9 | 3,3 | -0,6 | -1,3 | 0,0 |
| **Almannatryggingar *The Social Security Funds*** | | | | | | |
| **2008** | **113,2** | **108,8** | **0,0** | **4,4** | **3,9** | **0,3** |
| 1. ársfjórðungur *1st quarter* | 23,9 | 21,9 | 0,0 | 2,0 | 8,4 | 0,1 |
| 2. ársfjórðungur *2nd quarter* | 26,4 | 25,4 | 0,0 | 1,0 | 3,7 | 0,1 |
| 3. ársfjórðungur *3rd quarter* | 30,8 | 30,5 | 0,0 | 0,4 | 1,2 | 0,0 |
| 4. ársfjórðungur *4th quarter* | 32,0 | 31,0 | 0,0 | 1,0 | 3,1 | 0,1 |
| **2009** | **148,5** | **147,0** | **0,0** | **1,5** | **1,0** | **0,1** |
| 1. ársfjórðungur *1st quarter* | 35,4 | 35,5 | 0,0 | -0,1 | -0,3 | 0,0 |
| 2. ársfjórðungur *2nd quarter* | 37,9 | 37,6 | 0,0 | 0,3 | 0,7 | 0,0 |
| 3. ársfjórðungur *3rd quarter* | 35,2 | 35,3 | 0,0 | -0,1 | -0,2 | 0,0 |
| 4. ársfjórðungur *4th quarter* | 40,0 | 38,6 | 0,0 | 1,4 | 3,4 | 0,1 |
| **2010** | **127,1** | **138,8** | **0,1** | **-11,7** | **-9,2** | **-0,8** |
| 1. ársfjórðungur *1st quarter* | 32,8 | 34,6 | 0,0 | -1,9 | -5,7 | -0,1 |
| 2. ársfjórðungur *2nd quarter* | 31,9 | 32,9 | 0,0 | -1,1 | -3,4 | -0,1 |
| 3. ársfjórðungur *3rd quarter* | 31,0 | 35,0 | 0,0 | -4,0 | -12,8 | -0,3 |
| 4. ársfjórðungur *4th quarter* | 31,4 | 36,2 | 0,0 | -4,8 | -15,3 | -0,3 |
| **2011** | **...** | **...** | **...** | **...** | **...** | **...** |
| 1. ársfjórðungur *1st quarter* | 31,6 | 34,3 | 0,0 | -2,7 | -8,6 | -0,2 |

**Tafla 5. Tekjur og gjöld hins opinbera eftir ársfjórðungum 2009–2011**

*Table 5. Quarterly Government Revenue and Expenditure 2009–2011*

| Verðlag hvers árs, milljarðar króna | 2009 | 2010 | | | | | 2011 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| *Billion ISK at current prices* | Alls | Alls | Ársfjórðungar (Á) *Quarters (Q)* | | | | Á *Q* |
| | *Total* | *Total* | I | II | III | IV | I |
| **1 Heildartekjur *Total revenue*** | **614,3** | **650,5** | **157,4** | **160,6** | **168,2** | **164,4** | **162,3** |
| 11 Skatttekjur *Taxes* | 459,9 | 489,9 | 120,5 | 120,9 | 127,2 | 121,3 | 123,9 |
| 111 Skattar á tekjur *Taxes on revenue* | 239,9 | 247,8 | 61,0 | 62,3 | 61,5 | 63,0 | 63,1 |
| 112 Skattar á laun *Taxes on payroll* | 2,5 | 2,9 | 0,7 | 0,7 | 0,7 | 0,7 | 0,7 |
| 113 Eignarskattar *Property taxes* | 31,2 | 35,3 | 8,9 | 8,7 | 8,7 | 9,0 | 8,8 |
| 114 Skattar á vöru og þjónustu *Taxes on goods and services* | 174,9 | 191,7 | 46,8 | 46,0 | 52,6 | 46,2 | 48,0 |
| 115 Skattar á alþjóðaviðskipti *Taxes on international trade* | 5,3 | 6,4 | 1,6 | 1,5 | 1,8 | 1,5 | 1,8 |
| 116 Aðrir skattar *Other taxes* | 6,2 | 5,9 | 1,4 | 1,7 | 1,9 | 0,9 | 1,4 |
| 12 Tryggingagjöld *Social contributions* | 45,9 | 64,8 | 14,6 | 16,1 | 17,1 | 17,1 | 16,5 |
| 13 Fjárframlög *Grants* | 2,2 | 2,3 | 0,4 | 0,6 | 0,7 | 0,6 | 0,6 |
| 14 Aðrar tekjur *Other revenue* | 106,3 | 93,5 | 21,8 | 23,1 | 23,2 | 25,3 | 21,4 |
| **2 Heildarútgjöld *Total expenditure*** | **763,3** | **770,4** | **178,1** | **185,0** | **189,2** | **218,2** | **175,6** |
| 21 Laun *Wages* | 224,0 | 225,1 | 53,6 | 57,8 | 56,1 | 57,6 | 54,0 |
| 22 Kaup á vöru og þjónustu *Use of goods and services* | 187,5 | 189,4 | 46,4 | 48,5 | 45,9 | 48,6 | 47,1 |
| 23 Afskriftir *Consumption of fixed capital* | 32,0 | 33,4 | 8,2 | 8,3 | 8,4 | 8,5 | 8,4 |
| 24 Vaxtagjöld *Interest* | 98,6 | 93,0 | 22,0 | 21,3 | 25,0 | 24,7 | 19,4 |
| 25 Framleiðslustyrkir *Subsidies* | 28,0 | 28,4 | 7,4 | 7,3 | 6,3 | 7,4 | 7,2 |
| 26 Fjárframlög *Grants* | 5,3 | 5,6 | 1,0 | 1,5 | 1,3 | 1,9 | 1,0 |
| 27 Félaglegar tilfærslur til heimila *Social benefits* | 122,0 | 120,5 | 29,7 | 28,4 | 30,8 | 31,5 | 31,2 |
| 28 Önnur útgjöld *Other expenditure* | 45,4 | 68,6 | 10,5 | 10,5 | 10,9 | 36,8 | 9,7 |
| 31 Fjárfesting *Net acquisition of nonfinancial assets* | 52,6 | 39,8 | 7,5 | 9,8 | 12,9 | 9,6 | 6,0 |
| 23 Afskriftir *Consumption of fixed capital* | -32,0 | -33,4 | -8,2 | -8,3 | -8,4 | -8,5 | -8,4 |
| **Tekjujöfnuður (1-2) *Net lending / borrowing (NLB)*** | **-149,0** | **-119,9** | **-20,7** | **-24,3** | **-21,0** | **-53,8** | **-13,3** |
| **Tekjujöfnuður % af tekjum *NLB % of total revenue*** | **-24,3** | **-18,4** | **-13,2** | **-15,2** | **-12,5** | **-32,7** | **-8,2** |
| **Tekjujöfnuður % af VLF *NLB % of GDP*** | **-10,0** | **-7,8** | **-1,4** | **-1,6** | **-1,3** | **-3,5** | **-0,8** |
| **Heildartekjur % af VLF *Total revenue % of GDP*** | **41,1** | **42,3** | **12,7** | **12,9** | **13,4** | **13,2** | **12,3** |
| **Heildarútgjöld % af VLF *Total expenditure % of GDP*** | **51,0** | **50,0** | **14,1** | **14,5** | **14,7** | **16,6** | **13,2** |

**Skýringar** *Notes*: 192 milljarða króna yfirtaka ríkissjóðs 2008 á töpuðum kröfum vegna veðlána Seðlabankans er meðtalin. *The central government debt assumption 2008 of 192 billion ISK is included.*

## Tafla 6. Tekjur og gjöld ríkissjóðs eftir ársfjórðungum 2009–2011
*Table 6. Quarterly Central Government Revenue and Expenditure 2009–2011*

| Verðlag hvers árs, milljarðar króna | 2009 | 2010 | | | | | 2011 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| *Billion ISK at current prices* | Alls | Alls | Ársfjórðungar (Á) *Quarters (Q)* | | | | Á *Q* |
| | *Total* | *Total* | I | II | III | IV | I |
| **1 Heildartekjur *Total revenue*** | **447,4** | **482,7** | **115,0** | **118,4** | **126,5** | **122,8** | **117,5** |
| 11 Skatttekjur *Taxes* | 321,4 | 352,3 | 86,1 | 86,5 | 92,4 | 87,4 | 87,2 |
| 111 Skattar á tekjur *Taxes on revenue* | 132,3 | 140,6 | 34,2 | 35,6 | 34,4 | 36,4 | 33,6 |
| 112 Skattar á laun *Taxes on payroll* | 2,5 | 2,9 | 0,7 | 0,7 | 0,7 | 0,7 | 0,7 |
| 113 Eignarskattar *Property taxes* | 3,7 | 7,5 | 1,9 | 1,8 | 1,7 | 2,1 | 2,1 |
| 114 Skattar á vöru og þjónustu *Taxes on goods and services* | 171,4 | 189,1 | 46,2 | 45,2 | 51,8 | 45,8 | 47,5 |
| 115 Skattar á alþjóðaviðskipti *Taxes on international trade* | 5,3 | 6,4 | 1,6 | 1,5 | 1,8 | 1,5 | 1,8 |
| 116 Aðrir skattar *Other taxes* | 6,2 | 5,9 | 1,4 | 1,7 | 1,9 | 0,9 | 1,4 |
| 12 Tryggingagjöld *Social contributions* | 45,9 | 64,8 | 14,6 | 16,1 | 17,1 | 17,1 | 16,5 |
| 13 Fjárframlög *Grants* | 8,0 | 8,1 | 1,8 | 2,0 | 2,2 | 2,2 | 2,0 |
| 14 Aðrar tekjur *Other revenue* | 72,2 | 57,4 | 12,6 | 13,9 | 14,9 | 16,1 | 11,9 |
| **2 Heildarútgjöld *Total expenditure*** | **571,1** | **577,7** | **132,7** | **137,4** | **139,8** | **167,7** | **127,8** |
| 21 Laun *Wages* | 119,2 | 118,6 | 28,6 | 30,1 | 29,6 | 30,4 | 27,9 |
| 22 Kaup á vöru og þjónustu *Use of goods and services* | 95,8 | 98,0 | 23,7 | 25,5 | 23,9 | 24,9 | 24,0 |
| 23 Afskriftir *Consumption of fixed capital* | 23,3 | 24,4 | 6,0 | 6,1 | 6,2 | 6,2 | 6,2 |
| 24 Vaxtagjöld *Interest* | 91,8 | 85,0 | 20,0 | 19,3 | 23,1 | 22,7 | 17,3 |
| 25 Framleiðslustyrkir *Subsidies* | 24,5 | 24,7 | 6,5 | 6,4 | 5,4 | 6,5 | 6,3 |
| 26 Fjárframlög *Grants* | 155,0 | 150,8 | 38,0 | 38,0 | 36,9 | 37,9 | 36,9 |
| 27 Félaglegar tilfærslur til heimila *Social benefits* | 21,0 | 22,5 | 5,2 | 5,4 | 5,7 | 6,2 | 6,9 |
| 28 Önnur útgjöld *Other expenditure* | 32,4 | 54,5 | 7,0 | 6,9 | 7,3 | 33,3 | 6,0 |
| 31 Fjárfesting *Net acquisition of nonfinancial assets* | 31,4 | 23,5 | 3,9 | 5,8 | 8,0 | 5,7 | 2,6 |
| 23 Afskriftir *Consumption of fixed capital* | -23,3 | -24,4 | -6,0 | -6,1 | -6,2 | -6,2 | -6,2 |
| **Tekjujöfnuður (1-2) *Net lending / borrowing (NLB)*** | **-123,6** | **-95,0** | **-17,7** | **-19,1** | **-13,3** | **-44,9** | **-10,3** |
| **Tekjujöfnuður % af tekjum *NLB % of total revenue*** | **-27,6** | **-19,7** | **-15,4** | **-16,1** | **-10,5** | **-36,6** | **-8,8** |
| **Tekjujöfnuður % af VLF *NLB % of GDP*** | **-8,3** | **-6,2** | **-1,2** | **-1,2** | **-0,9** | **-2,9** | **-0,6** |
| **Heildartekjur % af VLF *Total revenue % of GDP*** | **29,9** | **31,4** | **7,5** | **7,7** | **8,2** | **8,0** | **7,3** |
| **Heildarútgjöld % af VLF *Total expenditure % of GDP*** | **38,2** | **37,5** | **8,6** | **8,9** | **9,1** | **10,9** | **7,9** |

**Skýringar** *Notes*: 192,2 milljarða króna yfirtaka ríkissjóðs 2008 á töpuðum kröfum vegna veðlána Seðlabankans er meðtalin. *The central government debt assumption 2008 of 192.2 billion ISK is included.*

## Tafla 7. Tekjur og gjöld sveitarfélaga eftir ársfjórðungum 2009–2011

*Table 7. Quarterly Local Government Revenue and Expenditure 2009–2011*

| Verðlag hvers árs, milljarðar króna | 2009 | 2010 | | | | | 2011 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| *Billion ISK at current prices* | Alls | Alls | Ársfjórðungar (Á) *Quarters (Q)* | | | | Á *Q* |
| | *Total* | *Total* | I | II | III | IV | I |
| **1 Heildartekjur *Total revenue*** | **189,3** | **192,5** | **47,8** | **48,1** | **48,3** | **48,4** | **50,2** |
| 11 Skatttekjur *Taxes* | 138,6 | 137,6 | 34,4 | 34,4 | 34,9 | 34,0 | 36,7 |
| 111 Skattar á tekjur *Taxes on revenue* | 107,6 | 107,2 | 26,8 | 26,7 | 27,1 | 26,6 | 29,4 |
| 112 Skattar á laun *Taxes on payroll* | – | – | – | – | – | – | – |
| 113 Eignarskattar *Property taxes* | 27,5 | 27,8 | 6,9 | 6,9 | 6,9 | 6,9 | 6,7 |
| 114 Skattar á vöru og þjónustu *Taxes on goods and services* | 3,5 | 2,6 | 0,6 | 0,8 | 0,8 | 0,4 | 0,5 |
| 115 Skattar á alþjóðaviðskipti *Taxes on international trade* | – | – | – | – | – | – | – |
| 116 Aðrir skattar *Other taxes* | – | – | – | – | – | – | – |
| 12 Tryggingagjöld *Social contributions* | – | – | – | – | – | – | – |
| 13 Fjárframlög *Grants* | 18,7 | 21,3 | 4,8 | 5,0 | 5,7 | 5,8 | 4,7 |
| 14 Aðrar tekjur *Other revenue* | 32,0 | 33,6 | 8,6 | 8,6 | 7,7 | 8,6 | 8,9 |
| **2 Heildarútgjöld *Total expenditure*** | **204,2** | **205,6** | **49,2** | **52,7** | **51,7** | **52,0** | **50,9** |
| 21 Laun *Wages* | 89,4 | 91,1 | 21,6 | 24,0 | 22,8 | 22,7 | 22,5 |
| 22 Kaup á vöru og þjónustu *Use of goods and services* | 60,9 | 62,5 | 15,1 | 15,8 | 15,1 | 16,4 | 15,6 |
| 23 Afskriftir *Consumption of fixed capital* | 8,6 | 9,0 | 2,2 | 2,2 | 2,3 | 2,3 | 2,2 |
| 24 Vaxtagjöld *Interest* | 6,7 | 8,0 | 2,0 | 2,0 | 2,0 | 2,0 | 2,1 |
| 25 Framleiðslustyrkir *Subsidies* | 3,2 | 3,4 | 0,9 | 0,9 | 0,9 | 0,9 | 0,9 |
| 26 Fjárframlög *Grants* | 1,0 | 1,0 | 0,2 | 0,2 | 0,2 | 0,2 | 0,3 |
| 27 Félaglegar tilfærslur til heimila *Social benefits* | 9,2 | 9,7 | 2,4 | 2,4 | 2,4 | 2,4 | 2,5 |
| 28 Önnur útgjöld *Other expenditure* | 12,6 | 13,8 | 3,4 | 3,4 | 3,4 | 3,4 | 3,6 |
| 31 Fjárfesting *Net acquisition of nonfinancial assets* | 21,2 | 16,2 | 3,5 | 4,0 | 4,8 | 3,9 | 3,3 |
| 23 Afskriftir *Consumption of fixed capital* | -8,6 | -9,0 | -2,2 | -2,2 | -2,3 | -2,3 | -2,2 |
| **Tekjujöfnuður (1-2) *Net lending / borrowing (NLB)*** | **-15,0** | **-13,1** | **-1,4** | **-4,6** | **-3,4** | **-3,7** | **-0,6** |
| **Tekjujöfnuður % af tekjum *NLB % of total revenue*** | **-7,9** | **-6,8** | **-2,9** | **-9,6** | **-7,0** | **-7,6** | **-1,3** |
| **Tekjujöfnuður % af VLF *NLB % of GDP*** | **-1,0** | **-0,9** | **-0,1** | **-0,3** | **-0,2** | **-0,2** | **0,0** |
| **Heildartekjur % af VLF *Total revenue % of GDP*** | **12,7** | **12,5** | **3,1** | **3,1** | **3,1** | **3,1** | **3,1** |
| **Heildarútgjöld % af VLF *Total expenditure % of GDP*** | **13,7** | **3,4** | **3,2** | **3,4** | **3,4** | **3,4** | **3,1** |

**Tafla 8. Tekjur og gjöld almannatrygginga eftir ársfjórðungum 2009–2011**

*Table 8. Quarterly Social Security Funds Revenue and Expenditure 2009–2011*

| Verðlag hvers árs, milljarðar króna | 2009 | 2010 | | | | | 2011 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| *Billion ISK at current prices* | Alls | Alls | Ársfjórðungar (Á) *Quarters (Q)* | | | | Á *Q* |
| | *Total* | *Total* | I | II | III | IV | I |
| **1 Heildartekjur *Total revenue*** | **133,6** | **127,1** | **32,8** | **31,9** | **31,0** | **31,4** | **31,6** |
| 11 Skatttekjur *Taxes* | – | – | – | – | – | – | – |
| 111 Skattar á tekjur *Taxes on revenue* | – | – | – | – | – | – | – |
| 112 Skattar á laun *Taxes on payroll* | – | – | – | – | – | – | – |
| 113 Eignarskattar *Property taxes* | – | – | – | – | – | – | – |
| 114 Skattar á vöru og þjónustu *Taxes on goods and services* | – | – | – | – | – | – | – |
| 115 Skattar á alþjóðaviðskipti *Taxes on international trade* | – | – | – | – | – | – | – |
| 116 Aðrir skattar *Other taxes* | – | – | – | – | – | – | – |
| 12 Tryggingagjöld *Social contributions* | – | – | – | – | – | – | – |
| 13 Fjárframlög *Grants* | 131,5 | 124,6 | 32,1 | 31,2 | 30,4 | 30,8 | 31,0 |
| 14 Aðrar tekjur *Other revenue* | 2,1 | 2,5 | 0,6 | 0,6 | 0,6 | 0,6 | 0,6 |
| **2 Heildarútgjöld *Total expenditure*** | **144,1** | **138,8** | **34,6** | **32,9** | **35,0** | **36,2** | **34,3** |
| 21 Laun *Wages* | 15,4 | 15,4 | 3,7 | 3,9 | 3,9 | 3,8 | 3,6 |
| 22 Kaup á vöru og þjónustu *Use of goods and services* | 30,8 | 28,9 | 7,4 | 6,9 | 6,7 | 7,8 | 7,5 |
| 23 Afskriftir *Consumption of fixed capital* | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 |
| 24 Vaxtagjöld *Interest* | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 |
| 25 Framleiðslustyrkir *Subsidies* | 0,3 | 0,3 | 0,1 | 0,1 | 0,1 | 0,1 | 0,1 |
| 26 Fjárframlög *Grants* | 5,4 | 5,6 | 1,3 | 1,3 | 1,4 | 1,5 | 1,3 |
| 27 Félaglegar tilfærslur til heimila *Social benefits* | 91,8 | 88,2 | 22,1 | 20,5 | 22,7 | 22,9 | 21,8 |
| 28 Önnur útgjöld *Other expenditure* | 0,3 | 0,4 | 0,1 | 0,1 | 0,1 | 0,1 | 0,1 |
| 31 Fjárfesting *Net acquisition of nonfinancial assets* | 0,1 | 0,1 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 |
| 23 Afskriftir *Consumption of fixed capital* | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 |
| **Tekjujöfnuður (1-2) *Net lending / borrowing (NLB)*** | **-10,4** | **-11,7** | **-1,9** | **-1,1** | **-4,0** | **-4,8** | **-2,7** |
| **Tekjujöfnuður % af tekjum *NLB % of total revenue*** | **-7,8** | **-9,2** | **-5,7** | **-3,4** | **-12,8** | **-15,3** | **-8,6** |
| **Tekjujöfnuður % af VLF *NLB % of GDP*** | **-0,7** | **-0,8** | **-0,1** | **-0,1** | **-0,3** | **-0,3** | **-0,2** |
| **Heildartekjur % af VLF *Total revenue % of GDP*** | **8,9** | **8,3** | **2,1** | **2,1** | **2,0** | **2,0** | **2,0** |
| **Heildarútgjöld % af VLF *Total expenditure % of GDP*** | **9,6** | **9,0** | **2,3** | **2,1** | **2,3** | **2,4** | **2,1** |

**Tafla 9. Peningalegar eignir og skuldir ríkissjóðs eftir ársfjórðungum 2008–2011**
*Table 9. Central Government Financial Accounts on quarterly basis 2008–2010*

| Verðlag hvers árs, milljarðar króna | 2008 | 2009 | 2010 | | | | 2011 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| *Billion ISK at current prices* | Á *Q* | Á *Q* | Ársfjórðungar (Á) *Quarters (Q)* | | | | Á *Q* |
| | IV | IV | I | II | III | IV | I |
| **Peningalegar eignir** ***Financial assets*** | **960,0** | **1.055,0** | **1.018,8** | **1.089,5** | **1.108,4** | **1.043,9** | **1.071,2** |
| Sjóður og bankareikningar *Currency and deposits* | 183,2 | 226,3 | 185,8 | 254,6 | 271,2 | 318,4 | 343,4 |
| Lánveitingar *Loans* | 478,0 | 361,3 | 355,6 | 286,8 | 281,5 | 248,0 | 258,3 |
| Hlutafé *Shares and other equity* | 194,8 | 334,4 | 334,6 | 339,8 | 340,0 | 343,6 | 343,9 |
| Viðskiptakröfur *Other accounts receivables* | 103,9 | 133,0 | 142,7 | 208,3 | 215,7 | 133,8 | 125,7 |
| **Skuldir** ***Liabilities*** | **1.198,5** | **1.566,4** | **1.535,5** | **1.635,7** | **1.676,2** | **1.629,1** | **1.716,9** |
| Verðbréf *Securities* | 313,8 | 546,3 | 522,8 | 583,6 | 630,9 | 624,0 | 685,2 |
| Lántökur *Loans* | 622,2 | 634,2 | 618,7 | 661,6 | 657,4 | 611,9 | 639,6 |
| Innlend lán *Domestic loans* | 304,4 | 277,8 | 275,0 | 271,7 | 279,4 | 270,8 | 286,8 |
| Erlend lán *Foreign loans* | 317,8 | 356,4 | 343,6 | 389,9 | 378,1 | 341,1 | 352,7 |
| Lífeyrisskuldbindingar *Insurance technical reserves* | 231,3 | 342,9 | 342,5 | 339,8 | 339,8 | 339,8 | 339,4 |
| Viðskiptaskuldir *Other accounts payable* | 31,2 | 43,0 | 51,6 | 50,7 | 48,1 | 53,4 | 52,7 |
| **Hrein peningaleg eign** ***Net financial assets*** | **-238,5** | **-511,4** | **-516,8** | **-546,1** | **-567,8** | **-585,3** | **-645,6** |
| **Hlutfall af landsframleiðslu** ***Per cent of GDP*** | | | | | | | |
| **Peningalegar eignir** ***Financial assets*** | **64,7** | **70,6** | **66,2** | **70,8** | **72,0** | **67,8** | **66,2** |
| Sjóður og bankareikningar *Currency and deposits* | 12,4 | 15,1 | 12,1 | 16,5 | 17,6 | 20,7 | 21,2 |
| Lánveitingar *Loans* | 32,2 | 24,2 | 23,1 | 18,6 | 18,3 | 16,1 | 16,0 |
| Hlutafé *Shares and other equity* | 13,1 | 22,4 | 21,7 | 22,1 | 22,1 | 22,3 | 21,2 |
| Viðskiptakröfur *Other accounts receivables* | 7,0 | 8,9 | 9,3 | 13,5 | 14,0 | 8,7 | 7,8 |
| **Skuldir** ***Liabilities*** | **80,8** | **104,8** | **99,7** | **106,2** | **108,9** | **105,8** | **106,0** |
| Verðbréf *Securities* | 21,2 | 36,5 | 34,0 | 37,9 | 41,0 | 40,5 | 42,3 |
| Lántökur *Loans* | 42,0 | 42,4 | 40,2 | 43,0 | 42,7 | 39,7 | 39,5 |
| Innlend lán *Domestic loans* | 20,5 | 18,6 | 17,9 | 17,7 | 18,1 | 17,6 | 17,7 |
| Erlend lán *Foreign loans* | 21,4 | 23,8 | 22,3 | 25,3 | 24,6 | 22,2 | 21,8 |
| Lífeyrisskuldbindingar *Insurance technical reserves* | 15,6 | 22,9 | 22,2 | 22,1 | 22,1 | 22,1 | 21,0 |
| Viðskiptaskuldir *Other accounts payable* | 2,1 | 2,9 | 3,4 | 3,3 | 3,1 | 3,5 | 3,3 |
| **Hrein peningaleg eign** ***Net financial assets*** | **-16,1** | **-34,2** | **-33,6** | **-35,5** | **-36,9** | **-38,0** | **-39,9** |

Hagtíðindi
Statistical Series

# Þjóðhagsreikningar
## *National accounts*

96. árg. • 36. tbl.
2011:8
ISSN 0019-1078
ISSN 1670-4657 (prentútgáfa *print edition*) • ISSN 1670-4665 (rafræn útgáfa *PDF*)
Verð kr. *Price ISK* 900 • € 7
Umsjón *Supervision* Jóhann Rúnar Björgvinsson • johann.bjorgvinsson@hagstofa.is
Sími *Telephone* +(354) 528 1000
Bréfasími *Fax* +(354) 528 1099
© Hagstofa Íslands *Statistics Iceland* • Borgartúni 21a 150 Reykjavík Iceland
Öllum eru heimil afnot af ritinu. Vinsamlegast getið heimildar. *Please quote the source.*
www.hagstofa.is/hagtidindi *www.statice.is/series*